

um ráðstafanir vegna læknaskorts.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gísli Jónsson, Sigurður Ágústsson,  
Gunnar Gislason, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera í samráði við landlækni hverjar þær ráðstafanir sem mögulegar eru til þess að útvega lækna í þau læknishéruð landsins, sem nú eru læknislaus, og stuðla að því með öðrum hætti að bæta úr því öryggisleysi, sem fólk þessara héraða á við að búa í heilbrigðismálum. M. a. verði athugaðir möguleikar á að koma upp elli- og örorkuheimilum á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum, er gegni jafnframt störfum héraðslækna.

#### Greinargerð.

Miklir og vaxandi erfiðleikar eru nú á því að fá lækna til þess að gegna strjálbýlustu og fámennustu læknishéruðum landsins. Eru eftirfarandi læknishéruð nú læknislaus:

Arneslæknishérað í Strandasýslu.

Flateyjarlæknishérað í Barðastrandarsýslu.

Reykholalæknishérað í Barðastrandarsýslu.

Súðavíkurlæknishérað í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Kópaskerslæknishérað í Norður-Þingeyjarsýslu.

Bakkagerðislæknishérað í Norður-Múlasýslu.

Enn fremur er 7. læknishéraðið, Vopnafjarðarlæknishérað í Norður-Múlasýslu, um þessar mundir að missa lækni sinn. A. m. k. þrjú önnur læknishéruð eru óveitt, vegna þess að enginn læknir hefur fengizt til þess að sækja um þau. Eru það Hofsóslæknishérað, Siglufjarðarlæknishérað og Hólmavíkurlæknishérað, en þessum héruðum hefur þó verið ráðstafað til bráðabirgða.

Hér er um mikið og torleyst vandamál að ræða. Er flm. kunnugt um, að bæði landlæknir og heilbrigðismálaráðherra hafa mikinn áhuga fyrir því að ráða fram úr því. Læknisleysið hefur í för með sér mikið öryggisleysi og margvísleg vandkvæði fyrir fólkið í þeim héruðum, sem við það búa. Sæmileg læknisþjónusta er nú á tímum talin meðal frumstæðustu lífsþæginda. Auðsætt er, að ef svo fer fram um árábil, að ekki fást lækna til fyrrgreindra héraða, þá hlýtur það að hafa í för með sér brottflutning fólks þaðan og verulegan samdrátt í framleiðslustarfsemi þjóðarinnar. Flutningsmenn þessarar tillögu telja því, að einskis megi láta ófrestað til þess að ráða fram úr þessu vandamáli. Meðal þeirra úrræða, sem þeir telja að til greina geti komið í þeim efnum, eru hagstæðari kjör lækna í hinum afskekktustu og fámennustu læknishéruðum, fullkomnari og betri læknisbústaðir í þessum héruðum, betri samgöngutæki til þess að ferðast um hin strjálbýlu héruð og ráðning læknastúdenta í ríkara mæli en áður hefur tíðkazt til þess að gegna til bráðabirgða störfum í þessum lítt eftirsóknarverðu læknishéruðum. Enn fremur telja flm., að til greina geti komið ráðning erlendra lækna eða hjúkrunarmanna til þess að annast læknisþjónustu eða hjúkrunarstörf til bráðabirgða í þessum héruðum. Sú leið mun að visu með öllu ókönnuð, en ekki virðist þó úr vegi að rannsaka hana, áður en til fullkominnar uppgjafar kemur gagnvart þeim vanda, sem hér er við að etja. Þá hefur sú hugmynd einnig verið sett fram, að stofnun elli- og örorkuheimila á hentugum stöðum í strjálbýlinu með fastráðnum læknum gæti einnig orðið til þess að auka möguleikana á útvegum lækna í hin læknislausu héruð. Virðist eðlilegt og sjálfsagt að athuga, hvort sú hugmynd sé framkvæmanleg.

Það er skoðun flm., að hér sé um mikilvægt heilbrigðis- og mannúðarmál að ræða. Fólkið í hinum strjálbýlustu héruðum á ekki síður rétt á því en annað fólk í landinu að njóta læknishjálpar, þegar slys eða veikindi ber að höndum. Þess vegna ber samfélaginu að horfast í augu við þá staðreynd, að hér er sérstakra og röttækra ráðstafana þörf.